

Lostætni gróffóðurs

Gróffóður er undirstaðan í fóðrun nautgripa á Íslandi og því mikilvægt að nóg sé til af því og gæði þess séu nægjanlega mikil til þeirrar framleiðslu sem það er ætlað.

Talað er um fóðrunarvirði gróffóðurs en það er margfeldi fóðurgildis heysins og þess magns sem af því er étið. Einfalt er að mæla fóðurgildið með fóðurefnagreiningu en sláttutími er afgerandi þáttur til að stjórna því. Át gripa á viðkomandi fóðri má einnig mæla með því að vigta hve mikið fer í gripina og hvað frá þeim. Of sjaldgæft er að það sé gert.

Lystugleika gróffóðurs er hins vegar erfiðara að mæla og fjölmargir þættir tengdir fóðrinu, gripunum og umhverfinu sem geta haft áhrif á hann.

Grastegundir

Grastegundir eru misjafnlega lostætnar en þeim er það þó flestum sameiginlegt að lystugleiki þeirra minnkar eftir því sem seinna er slegið. Lystugleiki og orkustyrkur fara því saman nema hvað reikna má með að lystugleikinn lækki hraðar með auknum þroska grassins. Mælt hefur verið á vallarfoxgrasi sem slegið var rétt fyrir skrið annars vegar og hins vegar 19 dögum síðar að átlýst var 39% minni á því sem seinna var slegið. Heildarorkustyrkur fóðursins féll þó aðeins um 10% á sama tíma. Sláttutímamann þarf hinsvegar að velja með hliðsjóna af því að nægt magn fái af gróffóðri og að orkustyrkur þess henti þeim gripum sem það er ætlað.

Af þeim grastegundum sem við höfum helstar til að sá í tún er vallarrýgresi (fjölært rýgresi) einna lystugast ef það er slegið á réttum tíma. Það er sykurríkt gras og blaðríkt, nær ekki miklum hæðarvexti en er mjög þétt og hættir til að fúlna í rótina ef of lengi er beðið með slátt. Tapar það þá mjög lystugleika. Af rýgresi eru til bæði tvílitna (2n) og ferlitna (4n) yrki. Eru ferlitna yrkin lostætnari. Vallarrýgresi hefur lítið vetrarþol víðast hvar hér á landi í samanburði við önnur grös sem hér er sáð í tún en getur hentað þar sem veðursilyrði eru því hagstæð. Best hentar að sá því einu sér eða í lágu hlutfalli í grasfræblöndur.

Vallarfoxgras er kannski lystugasta grastegundin en inniheldur minni sykur en vallarrýgresi. Það skriður síðast af túngrösunum en heldur fóðurgildi sínu nokkuð vel fram að skriði. Hávingull skriður litlu fyrir og er í fyrri slætti ekki eins lostætur og vallarfoxgras. Seinni sláttur hávinguls er blaðmeiri og fæst af honum talsvert meiri uppskera en af vallarfoxgrasi. Vallarfoxgrasi og hávingli má sá hreinum en einnig henta þessar grastegundir vel saman í blöndum. Mælt er með að í blöndu sé hlutfall vallarfoxgrass a.m.k. tvöfalt hærra en hlutfall hávingulsins.

Það ætti að vera regla að sá rauðsmára í tún með þeim grastegundum sem að framan eru nefndar því hann bætir bæði fóðurgildi og lystugleika heysins.

Vallarsveifgras og hvítmári eiga heima í grasfræblöndum þegar sáð er í tún sem ekki er ætlunin að endurvinnna fljótlega aftur. Vallarsveifgras er blaðríkt og lystugt gras sem gefur ekki mikla uppskeru í fyrri slætti í samanburði við önnur túngrös en góða í þeim seinni. Það fellur hægar í fóðurgildi en önnur túngrös. Hvít sveppagró (mjöldögg) sem setjast á blöð þess, einkum þegar líður á sumar spilla lystugleika þess. Hvítmárin bætir fóðurgæði síðsumars, einkum beit og sparar köfnunarefnisáburð.

Aðrar grastegundir sem finnast í túnum hér á landi keppa ekki við þær sem á undan eru taldar hvað lystugleika varðar.

Aðgerðir við slátt og hirðingu

Vinnubrögð við slátt og hirðingu geta haft áhrif á verkun og lostætni fóðursins. Þeir þættir sem hér eru nefndir hafa allir áhrif á verkun heysins en samhliða á lystugleika þess.

Hey eru lystugri ef þau innihalda meiri sykur en minni. Á sólríkum dögum er sykurinnihald grasa talsvert meira síðdegis en að morgni og því getur verið heppilegt að slá að kvöldi eftir þannig dag. Það getur þó spilt árangrinum í þessu ef mikið blotnar á yfir nóttina og öndun plöntufrumanna verður mikil eftir sláttinn.

Forþurrkun er mikilvæg til að minnka vatnsvirkni í heyinu og hindra næringartap með frárennsli. Miklu skiptir að þornun heysins sé sem hröðust. Skoðanir eru skiptar um hvað forþurrka eigi mikið m.t.t. lystugleika fóðursins. Fyrir mjólkurkúr er oft talað um að þurrka í a.m.k. 35% þurrefni. Lítið sé unnið með að þurrefni fari yfir 45%. Það flýtir forþurrkun og þornun heys á velli að knosa heyið og snúa strax eftir slátt. Sama á við þar sem tún eru þurrland og framræsla er góð. Þess má vænta að hey af þannig túnum séu jafnan lystug.

Sláttunánd er veigamikil atriði varðandi fóðurgæðin og ekki síst lystugleika heysins. Hæfileg stubblengd tryggir að betur lofti um flekkinn og að hann þorni hraðar. Jafnframt þarf ekki að stilla heivinnutækin eins nærri jörð til að snúa megi heyinu og raka saman. Þannig er mun minni hætt á að blanda við heyið óhreinindum úr yfirborði túnsins sem kunna að innihalda gerla og sveppasmit sem spilla verkun heysins. Af sömu ástæðu er við stæðuverkun mikilvægt að ekki berist óhreinindi í heyið t.d. með flutningstækjum vegna óhreinna ökuleiða. Seinni slætti er sennilega hættara við íblöndun óhreininda fyrir vélameðhöndlun en fyrri slætti því hann er blaðríkari og hætt við að liggja nær rótinni. Þurrleg há sem er með 65-75% er samt oft lystugt fóður einkum ef hún nær að þorna hratt í góðum þurrki.

Í Svíþjóð var kannað hvort það hefði áhrif á verkun í rúllum hvenær þeim væri ekið heim. Niðurstaða var sú að ef þurrefni heysins er um 50% skiptir ekki máli hvenær það er gert ef sé það um 35% skal aka þeim heim innan þriggja tíma frá rúllun, ella bíða með flutninginn í þrjá daga.

Mikilvægt er að útiloka súrefni sem fyrst eftir að hey er rúllað og að heyrúllurnar sé þéttar og vel lagaðar. Notkun á skurðbúnaði sem er í nýrri rúlluvélum hjálpar til við þetta. Það sama á við í stæðuverkun að þar sé þjöppun á heyi sem mest. Eins þarf útilokun súrefnis frá stæðu eða rúllu að vera trygg og kann að vera réttlætanlegt að bæta við plasthjúp utan um verðmætasta heyið einkum það sem ætlunin er að geyma lengur.

Norkun hjálparefna hefur sýnt sig að bæta verkun og lystugleika á heyi í rúllum og stæðum. Efnin sem í boði eru hafa mismunandi virkni og þarf að velja eftir því sem hentar hverju sinni.

Grænfóður

Grænfóður getur gefið lystugt fóður með hátt fóðurgildi ef vel tekst til við ræktun þess og verkun. Rýgresi er þar vænlegast, einkum vetrarrýgrsi en einnig má rækta hafra og bygg sem hentar best þegar sóst er eftir uppskeru árið sem túni er lokað með grasi.

Við slátt og verkun á grænfóðri þarf að hafa í huga að slá ekki of seint þannig að grænfóðrið sé orðið of sprottið. Mikilvægt er að ná að þurrka það nokkuð og að hindra að jarðvegur blandist saman við og spilli verkun og lystugleika.

Áburðargjöf

Áburðargjöf sem tryggir eðlilega sprettu, hæfilegt magn og hlutföll helstu áburðarefna er mikilvæg varðandi lystugleika fóðurs. Of lítið magn áburðarefna hamlar sprettu og eðlilegum þroska grasanna. Mikið prótein í grasi vegna mikils köfnunnarefnisáburðar getur ýtt undir ranga gerjun í fóðrinu þannig að próteinrof og smjörkýrugerjun nái undirtökum.

Há gildi á nitrati hafa sést í niðurstöðum hefefnagreininga úr grænfóðri einkum þar sem prótein er hátt og óhreinindi hafa spillt verkun. Fóður sem inniheldur mikið af nitrati er varasamt að gefa gripum nema með öðru fóðri og helst ekki fengnum gripum. Það minnkar líkur á háu nitrati að bera ekki mjög mikið köfnunnarefni á grænfóður í endurunnu landi sem hefur fengið góðan skammt af búfjáráburði eða vænta má mikillar eftirvirkni af honum. Hátt kalí í heyi hefur neikvæð áhrif á upptöku annara efna eins og kalsíum og magnesíum.

Við fóðrun

Ferskleiki fóðursins við gjafir skiptir miklu varðandi lystugleika þess og át. Þar sem ekki er sjálfvirk fóðrun skilar það sér með meira áti ef gróffóður er gefið oftár en tvisvar á sólarhring. Hæfilegt er að afgangar af síðustu gjöf séu 5-10 % þegar næst er gefið. Afganga (moð) þarf að hreinsa í burtu svo þeir blandist ekki saman við nýtt og fóður og spilli ferskleika þess. Þó ekki sé kannski hægt að segja að það sé vegna meiri lystugleika þá er meira át á fóðri sem er saxað að vissu marki en ósöxuðu. Þessi áhrif söxunnar minnka þegar þurrefni fóðursins hækkar.

Að lokum

Það er misjafnt milli bóa hve mikið fóður fer til spillis eða hvort það er ekki eins gott og væntingar voru um. Einnig er á þessu áramunur. Gott að skrá hjá sér magn og ástæður þess að fóðrið stóð ekki undir væntingum. Stundum valda ytri aðstæður, óhöpp, dýr eða veður því að fóður spillist í geymslum. Til að hindra það og aðrar hugsanlegar ástæður þarf að gera sér grein fyrir þeim og stundum að leita þær uppi. Fyrirbyggja að það sama gerist aftur og kannski að taka upp ný vinnubrögð að einhverju leiti.

Eiríkur Loftsson

Jarðræktar- og fóðurráðunautur hjá RML

el@rml.is